

Leiðsögn - stjórnarfundur 20. janúar 2025.
Fundur hefst kl. 21:24.

Mættir:

Aðlamenn: Halldór, Björn og Jens. Varamenn: Daði, fyrir Hildi Þöll og Guðbjörn fyrir Guðnýju Margréti, Daníel og Óskar.

Leiðsögn innan VR

Halldór fer yfir tilhögun Leiðsagnar innan VR, þ.e. stofnun nýrrar deildar, og eru þetta tillögur til kynningar fyrir félagsmenn. Í kjölfarið verður haldinn fundur með félagsmönnum þar sem farið verður yfir tillögurnar og fengin endurgjöf frá félagsmönnum.

Áskorun um félagsfund

Borist hefur áskorun frá félagsmönnum um að haldinn verður félagsfundur um stöðu mála. Lagt er til að halda fund 12. febrúar.

Kl. 21:36 mætir Guðný Margrét á fundinn.

Einelti og fjármál

Tekið fyrir eineltismál innan stjórnar og fjárdráttarmál. Farið yfir lögfræðiálit og vinnu sem að þessum málum snýr.

Skjöldurinn – merki leiðsögumanna

Hæfnissetur hefur skilað af sér úttekt vegna Skjaldarins, merki leiðsögumanna.

Skráningarskylda leiðsögumanna

Nefnd sem stjórn Leiðsagnar skipaði hefur lokið störfum vegna vinnu sem snertir skráningarskyldu leiðsögumanna. Nefndin hefur skilað af sér gögnum sem stjórn þarf að lesa yfir.

Lagt til að slíta fundi. Stjórnarmenn kynni sér framlögð gögn og fundur verði haldinn aftur síðar í þessari viku.

Fundir slitið kl. 21:43.

Björn Júlíus Grímsson